

Reglur um eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttá- og æskulýðsfélaga.

1. gr.

Bæjarráð Hafnarfjarðar skipar þriggja manna eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttá- og æskulýðsfélaga, sem fjárframlaga njóta úr bæjarsjóði (í reglunum nefnd félag/félög). Einn fulltrúa skal skipa samkvæmt tilnefningu Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og tvo án tilnefningar og annan þeirra sem formann. Þrjú varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal skipuð til eins árs í senn.

2. gr.

Eftirlitsnefndin starfar í umboði bæjarráðs. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr bæjarsjóði svo og þóknun til nefndarmanna, samkvæmt reglum um laun fyrir nefndastörf hjá Hafnarfjarðarbæ. Nefndin getur leitað sér sérfræðiaðstoðar að höfðu samráði við bæjarstjóra.

3. gr.

Eftirlitsnefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum en vera í nánú samstarfi við ÍBH og íþróttáfulltrúa bæjarins.

4.gr.

Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að fylgjast með fjármálum íþróttá- og æskulýðsfélaga og gera nauðsynlegar athuganir á rekstri og þróun þeirra, sbr. önnur ákvæði reglna þessara.

5. gr.

Stjórnir og forsvarsmenn félaga skulu gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld félaga fari ekki fram úr heildartekjum þeirra. Sé fjárhagsáætlun félags afgreidd með halla skal sérstök greinargerð um aðgerðir til að bæta þar úr og framtíðarhorfur í rekstri, send eftirlitsnefndinni ásamt áætluninni.

Taki félag ákvörðun um verulegar skuldbindingar utan fjárhagsáætlunar skal nefndin upplýst um þá ákvörðun og hvernig þeim skuldbindingum verði mætt.

6. gr.

Félög sem fjárframlaga njóta úr bæjarsjóði skulu árlega leggja fram eftirtalin gögn:

- Fyrir 1. nóvember ár hvert fjárhags- og rekstraráætlun fyrir næstu 3 ár.
- Fyrir 1. maí ár hvert ársreikning sinn og starfsskýrslu fyrir næstliðið ár.
- Fyrir 1. september ár hvert ½ árs rekstraruppgjör ársins.

7. gr.

Helstu verkefni eftirlitsnefndarinnar eru:

- Fylgjast með efndum félaga á þeim samningum sem í gildi eru á milli Hafnarfjarðarbæjar og einstakra félaga.
- Fylgjast með skilum félaga á áætlunum, uppgjörum og ársreikingum.
- Yfirfara og leggja mat á áætlanir og ársreikninga félaga.
- Fylgjast með fjárhag félaga.
- Aðvara félög sem sinna ekki skilum á gögnum.
- Aðvara félög sem að mati nefndarinnar hafa ekki tök á fjármálum sínum.
- Stöðva greiðslur til þeirra félaga sem eru ekki að vinna eftir starfsáætlunum sínum eða sinna ekki tilmælum nefndarinnar.

8. gr.

Leiði athugun eftirlitsnefndarinnar í ljós að afkoma félags er ekki í samræmi við 5. gr. eða fjármál félags stefni að öðru leyti í óefni skal aðvara viðkomandi félag og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa bæjarráð um álit sitt.

Nefndinni er heimilt að gera samning við félag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gæti til lausnar á fjárhagsvanda þess. Samningurinn skal staðfestur af bæjarstjóra.

Bæjarstjóra er rétt að beina einstökum málum er varða fjármál félags og þarfnast nauðsynlega athugunar til eftirlitsnefndarinnar til aðgerða í samræmi við reglur þessar.

9. gr.

Telji eftirlitsnefndin að fjárhags- og rekstraráætlun félags sé óraunhæf skal hún gera félaginu og bæjarráði grein fyrir þeirri skoðun sinni.

10. gr.

Sinni félag ekki skyldum sínum samkvæmt reglum þessum eða sammingsbundnum skyldum sínum við Hafnarfjarðarbæ, samkvæmt þeim samningum sem í gildi eru á hverjum tíma, skal eftirlitsnefndin aðvara viðkomandi félag og óska úrbóta innan tiltekins frests.

Verði ekki orðið við tilmælum nefndarinnar gefur nefndin lokafrest til úrbóta og tilkynnir jafnframt bæjarráði um stöðu mála. Sinni félag ekki úrbótum fyrir veittan lokafrest er nefndinni heimilt að láta stöðva sammingsbundnar greiðslu til viðkomandi félags.

11. gr.

Eftirlitsnefndin getur í samráði við bæjarstjóra sett sér nánari starfsreglur varðandi samskipti sín við félögin.

12. gr.

Eftirlitsnefndin skal gæta fyllsta trúnaðar gagnvart félögum og sínum umbjóðendum í störfum sínum.